



Reykjavík 12. des. 2024

## Niðurstaða athugunar á gæðum TRS II skýrslna hjá Arctica Finance hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands framkvæmdi vettvangsathugun hjá Arctica Finance hf. (Arctica) í júní 2023 og lá niðurstaða fyrir í mars 2024.

Markmið athugunarinnar var að kanna fylgni Arctica við 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014<sup>1</sup> (MiFIR), sem lögfest var með 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/590<sup>2</sup>, sem innleidd er með reglum nr. 545/2023 um umgjörð viðskipta með fjármálagerninga. Framangreind ákvæði kveða á um skyldu verðbréfafyrirtækja og lánastofnana sem framkvæma viðskipti með fjármálagerninga (hér eftir verðbréfafyrirtæki) að veita fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands fullar og réttar upplýsingar um slík viðskipti eins og fljótt og auðið er. Þá var jafnframt könnuð fylgni við 21. gr. laga 115/2021 um almennar skipulagskröfur í tengslum við skýrslugjöf félagsins. Skýrslugjöf um viðskipti með fjármálagerninga, eða TRS II skýrslur, sem eru fjármálaeftirlitinu nauðsynlegar við eftirlit og rannsóknir.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði í tengslum við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að Arctica hefði brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 115/2021, MiFIR, reglugerðar (ESB) nr. 2017/590 og reglugerðar (ESB) 2017/565. Ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs brotanna og hvort um ítrekuð brot væri að ræða. Gerðar voru eftirfarandi athugasemdir og viðeigandi úrbóta krafist:

- Skipulagskröfum vegna gagnaskila var verulega ábótavant. Með því uppfyllti Arctica ekki skipulagskröfur verðbréfafyrirtækja, skv. 21. gr. laga nr. 115/2021, sbr. 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565. Úrvinnsla Arctica við gagnafyrirspurnum fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós brotalamir í skipulagskröfum Arctica. Illa gekk að fá rétt gögn afhent frá félaginu. Vakin er athygli á því að félagið ber ábyrgð á öllum þeim verkefnum sem útvistað er eða þjónustuð eru af öðrum aðilum sem félagið gengur til samninga við.
- Reglulegri afstemmingu viðskiptagagna úr framlínu var verulega ábótavant. Með því uppfyllti Arctica ekki kröfur 26. gr. MiFIR um reglulega afstemmingu viðskiptagagna úr framlínu, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/590. Þá var

<sup>1</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014, um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

<sup>2</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/590, um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda.

Gagnsæistilkynningar fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands eru birtar í samræmi við 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998.

verklagsregla Arctica um TRS skýrsluskil til fjármálaeftirlitsins ekki að fullu í samræmi við kröfu 15. gr. reglugerðarinnar hvað varðar reglulega afstemmingu og uppfyllti félagið því heldur ekki að fullu kröfur laga hvað varðar almennar skipulagskröfur sbr. 21. gr. laga nr. 115/2021.

- Nákvæmni dags- og tímasetninga viðskipta var ábótavant. Að því leyti uppfyllti Arctica ekki kröfur varðandi að veita fjármálaeftirlitinu fullar og réttar upplýsingar, sbr. 26. gr. MiFIR. Einnig uppfyllti Arctica ekki kröfur um að verðbréfafyrirtæki eigi að búa yfir kerfi til að koma auga á villur og yfirsjónir í viðskiptaskýrslum, sbr. dliður 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/590.
- Notkun Arctica á viðskiptahlutverki var ábótavant en við samanburð innsendra skýrslna í gagnaskilakerfi fjármálaeftirlitsins við framlínugögn Arctica kom í ljós að notkun Arctica á viðskiptahlutverki var í fjölda tilvika ábótavant. Þannig uppfyllti Arctica ekki kröfur 7. mgr. 26. gr. MiFIR varðandi viðskiptahlutverk, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/590 og töflu 2 í I. viðauka við reglugerðina.
- Notkun Arctica á auðkenniskóða kaupanda og seljanda var að nokkru ábótavant. Hvað það varðar uppfyllti Arctica ekki kröfur 6. og 7. mgr. 26. gr. MiFIR um auðkenniskóða kaupanda og seljanda, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/590 og töflu 2 í I. viðauka við reglugerðina.
- Viðskiptamenn voru í nokkrum tilvikum ranglega tilgreindir í skýrsluskilum til eftirlitsins. Arctica uppfyllti þannig ekki kröfur 6. og 7. mgr. 26. gr. MiFIR varðandi auðkenniskóða kaupanda og seljanda, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/590 og töflu 2 í I. viðauka við reglugerðina.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Arctica Finance hf. geri grein fyrir úttektinni og niðurstöðum hennar í sérstakri skýrslu sem send verði fjármálaeftirlitinu.